

HVAÐ FELUR SIG Í JÖRÐINNI

Verkefni þar sem nemendur læra um dýr sem eru falin í náttúrulegu umhverfi í nágrenni skólans eða á skólalóðinni.

Markmið:

Að auka virðingu fyrir lífi og náttúru og læra um dýr sem eru falin í náttúrulegu umhverfi skólans


Tími: Valkvætt. T.d. 2x
hálfur dagur

Aldur: 5 – 12 ára

Efni og áhöld: Uppflettirit um dýr, tímarit, veggspjald, skæri, lím, mold, stækkunargler, skóflur, blómapottar, (starfsmaður getur nýtt sér Google-Lens til að aðstoða við greiningu).



Framkvæmd:

- Útbúið setkrók með fræðibókum og tímaritum um dýr, skordýr og plöntur. Hvetjið bornin til þess að skoða og ræða myndirnar. T.d. Hvaða dýr er hægt að finna í moldinni? Hver lifir á dýrunum í moldinni? Hvað gera þau í moldinni?
- Veggspjaldsgerð, börnin búa til veggspjald þar sem þeir teikna náttúrulegt umhverfi sem er bæði ofan- og neðanjarðar. Nemendur klippa út úr tímaritum myndir af plöntum og dýrum. Þau líma myndirnar á veggspjaldið sitt eftir því hvar plönturnar og dýrin búa. Upplagt er að ræða hvort þau hafi séð plönturnar eða dýrin úti í garði, úti í sveit eða í villtri náttúru? Finnið nöfnin á dýrunum og plöntunum sem fara á veggspjaldið.



Rannsakið jarðveg í skólastofunni eða úti við.

Útvegið mold, það gæti verið mold af skólalóðinni eða úr garði í nágrenninu. Dreifið úr moldinni. Nemendur rannsaka moldina og nota öll skynfæri (snerta, lykta, skoða). Nemendur fá góðan tíma til þess að rannsaka hvað leynist í moldinni (lauf, rætur, greinar, skordýr). Sniðugt er að nota stækkunargler eða smásjá til þess að rannsaka moldina betur.

- Ræðið við börnin hvað þau sjá. Hvaða skordýr finna þau? Hvað skyldu þau borða?
 - Hversu stór gætu þau orðið? Einnig er hægt að nota sigti til að sjá betur hvað er í moldinni. Ræðið umgengni við plöntur og dýr.
 - Hægt er að endurtaka rannsókna á mismunandi árstímum eða með ólíkum jarðvegi, eins og sandi, mýri, graslendi.
- 
- 
- 
- 